

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
89. fundur –25. apríl 2005

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 25. apríl 2005, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Andrés Pétursson boðaði forföll.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1 Fundargerðir 88 fundar heilbrigðisnefndar

Samþykkt.

2 Fundargerð 75. starfsmannafundar frá 20. apríl 2005

2.1 Starfsleyfi.

2.1.1 Umdæmi heilbrigðisnefndar - sorphirða.

Lögð fram umsókn Jóns Þóris Frantzsonar, fh. Íslenska Gámafélagsins ehf., kt. 470596-2289, dags. 12.04.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sorphirðu frá heimilum og fyrirtækjum í umdæmi heilbrigðisnefndar. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10 ára.

Garðabær

2.1.2 Garðatorg 7, Garðabæ - ljósmyndastofa og framköllunarþjónusta.

Lögð fram umsókn Rebekku Víðisdóttur, fh. Framköllunar Garðabæjar ehf., kt. 630904-2180, dags. 06.04.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs ljósmyndastofu og framköllunarþjónustu að Garðatorgi 7, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10 ára.

2.1.3 Hæðarbraut, Garðabæ - leikskóli.

Lögð fram umsókn Önnu M. Hreinsdóttur, fh. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 08.03.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Hæðarbóli við Hæðarbraut, Garðabæ. Endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla vegna úttekta, dags. 10.09.2003.

Frestað þar sem ný úttekt hefur ekki farið fram.

2.1.4 Iðnbúð 6, Garðabæ - viðgerðaraðstaða.

Lögð fram umsókn Ólafs S. Ólafssonar, kt. 290568-3749, dags. 05.04.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs viðgerðaraðstöðu að Iðnbúð 6, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10 ára.

2.1.5 Vesturhraun 3, Garðabæ - verkstæði og smurstöð.

Lögð fram umsókn Sigþórs Ara Sigþórssonar, fh. Klæðningar ehf., kt. 440786-1389, dags. 18.03.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis og smurstöðvar að Vesturhrauni 3, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10 ára.

2.1.6 Vesturhraun 5, Garðabæ - mötuneyti með fullbúnu eldhúsi.

Lögð fram umsókn Sigurður Sigurðsson, fh. Í-mat ehf., kt. 611204-2990, dags. 06.04.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs mötuneytis með fullbúnu eldhúsi að Vesturhrauni 5, Garðabæ. Eigendaskipti.

Fyrir liggur eftirfarandi svar byggingafulltrúa dags. 08.04.2005: Ofangreind starfsemi samræmist skilmálum fyrir Vesturhraun 5, Garðabæ. Sækja þarf um byggingarleyfi vegna breyttrar notkunar í samræmi við 1. m. gr. 43. gr skipulags byggingarlaga nr. 73/1997, m.s.br. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.7 Vífilstaðavegur, Garðabæ - grunnskóli.

Lögð fram umsókn Sigurveigar Sæmundsdóttur, fh. Flataskóla, kt. 470283-0179, dags. 08.04.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla með mótuneyti og fullbúnu eldhúsi í Flataskóla við Vífilstaðaveg í Garðabæ. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.8 Vífilstaðavegur, Garðabæ - grunnskóli.

Lögð fram umsókn Ragnars Gíslasonar, fh. Garðaskóla, kt. 671088-3879, dags. 06.04.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla með móttökueldhúsi í Garðaskóla við Vífilstaðaveg í Garðabæ. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

Hafnarfjörður

2.1.9 Bæjarhraun 24, Hafnarfirði - prentsmiðja.

Lögð fram umsókn Karls Karlssonar, fh. Vörumerkingar ehf., kt. 560771-0109, dags. 12.04.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentsmiðju að Bæjarhrauni 24, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.10 Fjarðargata 11-13, Hafnarfirði - snyrtistofa.

Lögð fram umsókn Kristínar Sigurrósar Jónasdóttur, kt. 030530-6759, dags. 09.03.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Fjarðargötu 11-13, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.11 Háibakki, Hafnarfirði - skipaviðgerðir.

Lögð fram umsókn Eiríks Víglundssonar, fh. Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf., kt. 480998-2789, dags. 19.04.2005, þar sem sótt er um leyfi til 2 ára vegna skipaviðgerða í flotkví að Háabakka, Hafnarfirði. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er ákveðið að auglýsa tillögu að starfsleyfi til 2 ára.

2.1.12 Hólshraun 5a, Hafnarfirði - salatgerð.

Lögð fram umsókn Helga Helgasonar, fh. Grillsins ehf., kt. 440405-0960, dags. 07.04.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs salatgerðar að Hólshrauni 5a, Hafnarfirði. Eigendaskipti. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.13 Hringhella 3, Hafnarfirði - endurvinnsla.

Lögð fram umsókn Haraldar Þ. Ólafssonar, fh. Furu ehf., kt. 621281-1009, dags. 19.04.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs endurvinnslu að Hringhelli 3, Hafnarfirði. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er ákveðið að auglýsa tillögu að starfsleyfi til 10 ára.

2.1.14 Hvaleyrarbraut 35, Hafnarfirði - matvöruverslun.

Lögð fram umsókn Maríu Valgeirsson, dags. 13.04.2005 þar sem sótt er um tóbakssöluleyfi fyrir Stokrotka ehf, kt. 510803-2480, Hvaleyrarbraut 35, Hafnarfirði. Leyfisveiting staðfest

2.1.15 Kaplahraun 14-16, Hafnarfirði - vélsmiðja.

Lögð fram umsókn Eiríks Víglundssonar, fh. Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf., kt. 480998-2789, dags. 19.04.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vélsmiðju að Kaplahrauni 14-16, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 15 ára, þegar fyrir liggur að starfsemin er í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.16 Melabraut 29, Hafnarfirði - hársnyrtistofa.

Lögð fram umsókn Sóleyjar Sigurbjörnsdóttur, fh. Hársnyrtistofunnar Pýrana ehf., kt. 470404-2050, dags. 08.03.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Melabraut 29, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.17 Óseyrarbraut, Hafnarfirði - skipaviðgerðir.

Lögð fram umsókn Eiríks Víglundssonar, fh. Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf., kt. 480998-2789, dags. 19.04.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skipaviðgerða í flotkví að Óseyrarbraut, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er ákveðið að auglýsa tillögu að starfsleyfi til 5 ára.

2.1.18 Stakkahraun 1, Hafnarfirði - sælgætisgerð.

Lögð fram umsókn Eddu G. Ævarsdóttur, fh. Freyju ehf., kt. 701280-0169, dags. 14.04.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sælgætisgerðar að Stakkahrauni 1, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.19 Strandgata, Hafnarfirði - skipaviðgerðir.

Lögð fram umsókn Eiríks Víglundssonar, fh. Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf., kt. 480998-2789, dags. 19.04.2005, þar sem sótt er um leyfi til 2 ára til reksturs skipaviðgerða að Strandgötu, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er ákveðið að auglýsa tillögu að starfsleyfi til 2 ára.

Kópavogur

2.1.20 Dalsmári 5, Kópavogi - íþróttahús.

Lögð fram umsókn Kristjáns Jónatanssonar, fh. Ungmennafélagsins Breiðablik, kt. 480169-0699, dags. 29.03.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs íþróttahúss með heitum potti, sauna, móttökueldhúsi, samkomusal og sýningahúsi að Dalsmára 5, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.21 Dalsmári 5, Kópavogi - sýningahald.

Lögð fram umsókn Páls Péturssonar, fh. Sumarhúsið og garðurinn ehf. kt. 481203-3330, dags. 13.04.2005, þar sem sótt er um tímabundið leyfi til reksturs sýningarinnar Sumar 2005 að Dalsmára 5, Kópavogi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er afgreiðsla tímabundins starfsleyfis frá 15. apríl til 17. apríl 2005 staðfest.

2.1.22 Dalsmári 21, Kópavogi - leikskóli.

Lögð fram umsókn Önnu Magneu Hreinsdóttur, kt. 210558-7999, dags. 29.03.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Dalsmára 21, Kópavogi. Endurnýjun.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla vegna úttektar, dags. 16.09.2003.

Frestað þar sem ný úttekt hefur ekki farið fram.

2.1.23 Dalvegur 20, Kópavogi - bensínstöð.

Á 48. fundi heilbrigðisnefndar, þann 28.01.2002, var samþykkt endurnýjun á starfsleyfi Skeljungs hf. kt. 590269-1749 vegna reksturs bensínstöðvar að Dalvegi 20, Kópavogi.
Á 88. fundi heilbrigðisnefndar, þann 14.03.2005 var samþykkt að fallast á ósk Skeljungs hf. að takmarka starfsleyfi fyrirtækisins við rekstur bensínstöðvar að Dalvegi 20, Kópavogi en að leyfi til matvörusölu í stöðinni færi til annars rekstraraðila. Fallist var á endurútgáfu starfsleyfis með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar til 27.01.2012.

2.1.23.1 Bensínstöð.

Lagt fram bréf Sæmundar Árna Tómassonar fh. Skeljungs hf., dagsett 29.3.2005, þar sem Skeljungur hf óskar eftir því að fyrirtækið Bensínorkan ehf, kt. 600195-2129 yfirtaki starfsleyfi Skeljungs hf. fyrir bensínstöð fyrirtækisins að Dalvegi 20, Kópavogi.

Lögð fram umsókn Gunnars Skaptasonar f.h. Bensínorkunnar ehf, kt. 600195-2129 dags. 31.03.2005 til reksturs sjálfsafgreiðslustöðvar að Dalvegi 20 í Kópavogi. Eigendaskipti og breyting á starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er endurútgáfa starfsleyfis fyrir rekstur bensínstöðvar að Dalvegi 20, Kópavogi, samþykkt til 27.01.2012.

2.1.24 Hamraborg 14a, Kópavogi - veitingaverslun.

Lögð fram umsókn Írisar Evu Bachmann, fh. Október ehf., kt. 671004-2640, dags. 30.03.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingaverslunar að Hamraborg 14a, Kópavogi. Eigendaskipti.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeignareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.25 Hlíðasmári 13, Kópavogi - gisting og veitingasala.

Lögð fram umsókn Sigurðar Antonssonar, fh. Nýborgar ehf., kt. 690174-0499, dags. 08.03.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hótels með morgunverði að Hlíðasmára 13, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeignareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.26 Holtasmári 1, Kópavogi - verslun með fegrunar- og snyrtiefni.

Lögð fram umsókn Sigríðar S. Einarsdóttir, f.h. Tvö líf ehf., kt. 650105-0360, dags. 07.04.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með fegrunar- og snyrtiefni að Holtasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttaeignareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.27 Huldubraut 2, Kópavogi - nuddstofa.

Lögð fram umsókn Silju Kristjánsdóttur, kt. 221139-3649, dags. 09.03.2005, þar sem sótt er um leyfi til að reka nuddstofu og heitan pott að Huldubraut 2, Kópavogi. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða hollustuháttaeignareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.28 Skemmuvegur 34a, Kópavogi - málmsmiðja.

Lögð fram umsókna Hrafns Karlssonar, kt. 290550-3199, dags. 02.03.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmiðju að Skemmuvegi 34a, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 5 ára.

2.1.29 Smáratorg 1, Kópavogi - bakarí með kaffisölu.

Lögð fram umsókn Vigfúsar Hjartarsonar, fh. Bakarameistarans ehf., kt. 680177-0159, dags. 15.04.2005, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bakarís með kaffisölu að Smáratorgi 1, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeignareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.30 Smiðjuvegur 6, Kópavogi - hjólbarðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Ómars Níelssonar dags. 04.04.2005, fh. Tjaldvagna ehf., kt. 560503-2610, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hjólbarðaverkstæðis að Smiðjuvegi 6, Kópavogi.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 5 ára.

2.2 **Umsagnir.**

Garðabær

2.2.1 Urriðavatnsdalir, Hafnarfirði - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 15.03.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Jóns Finns Ögmundssonar, sem sækir um endurnýjun veitingaleyfis fyrir Golfskála Oddfellow, Urriðavatnsdölum, Garðabæ. Rekstraraðili er Oddaveitingar, kt. 550404-4860.

Jákvæð umsögn samþykkt.

Hafnarfjörður

2.2.2 Bæjarhraun 4, Hafnarfirði - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 15.03.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bergleifs Joensen, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Fjarðarnesti, Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði. Rekstraraðili er Ról ehf., kt. 650105-2060.

Jákvæð umsögn staðfest.

2.2.3 Strandgata 53, Hafnarfirði - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 15.03.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Daníels Hálfðánarsonar, sem sækir um veitingaleyfi fyrir íþróttahúsið Strandgötu, kt. 590169-7579, til að halda landsmót íslenskra kvennakóra, þann 30. apríl n.k. kl 20:00-03:00. Reiknað er með 400 til 500 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

2.2.4 Vesturgata 4, Hafnarfirði - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 11.03.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sigurðar Óla Sigurðssonar sem sækir um endurnýjun veitingaleyfis fyrir A. Hansen Vesturgötu 4, Hafnarfirði. Rekstraraðili er Jörgen ehf., kt. 650594-3049.

Jákvæð umsögn samþykkt.

Kópavogur

2.2.5 Hamraborg 20a, Kópavogi - vínveitingaleyfi.

Lagt fram bréf bæjarlögmannsins í Kópavogi, dags. 12.04.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Guðlaugs Kristjánssonar sem sækir um vínveitingaleyfi fyrir Videomarkaðinn ehf., kt. 711297-4059, Hamraborg 20a, Kópavogi.

Starfsleyfi samþykkt 13.11.1995.

Jákvæð umsögn samþykkt með tilliti til svipmóts.

2.2.6 Hamraborg 20a, Kópavogi - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 18.03.2005 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Guðlaugs Kristjánssonar sem sækir um leyfi fyrir Videomarkaðinn ehf., kt. 711297-4059, til að reka einkasal og krá að Hamraborg 20a, Kópavogi.

Jákvæð umsögn samþykkt

Starfsleyfi samþykkt 13.11.1995.

Með vísun til ákvæða reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti samþykkir heilbrigðisnefnd að taka starfsleyfi fyrir reksturinn til endurskoðunar.

2.3 Annað.

2.3.1 Upplýsingablað Umhverfisstofnunar.

Lagt fram til kynningar upplýsingablað Umhverfisstofnunar nr. 8 – Samningur um alþjóðaverslun með tegundir dýra og plantna í útrýmingahættu, mars 2005.

2.3.2 Matvælaeftirlit árið 2005.

Lögð fram samantekt Umhverfisstofnunar á eftirlitsáætlunum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga fyrir matvælaeftirlit 2005

2.3.3 Aukefni í matvælum.

Lagt fram bréf Umhverfissráðuneytis, dags. 11.04.2005, þar sem óskað er umsagnar um drög að reglugerð um aukefni í matvælum.

2.3.4 Verndað vörumerki.

Lagt fram bréf Umhverfissráðuneytis, dags. 11.04.2005, þar sem fram kemur að borist hafi athugasemd frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem snýr að því að Bayonne ham sé verndað vörumerki samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins nr. 2139/98/ESB.

Jón Bjarni Þorsteinsson mætti til fundar.

3 Umgengni um lóðir og lendur

Rætt var um helstu verkefni framundan varðandi lóðahreinsun þar sem ná verður fram verulegum úrbótum og nauðsynlegt verður að nýta heimildir laga og láta vinna verk á kostnað eigenda gerist þess þörf.

4 Lóð Olíudreifingar ehf. á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði

Lagt fram erindi Hafnarfjarðarbæjar frá 1. apríl 2004 þar sem óskað er umsagnar um breytingu á landnotkun á svæði Olíubirgðastöðvar við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði. Ennfremur lagt fram erindi skipulagsstofnunar til Hafnarfjarðarbæjar frá 23. september 2004 vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, íbúðabyggð á Hvaleyrarholti.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundi sem haldinn var hjá Umhverfisstofnun þann 22. apríl s.l. til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum.

Heilbrigðisnefnd frestar afgreiðslu erindisins. Óskað er eftir álitum Umhverfisstofnunar með vísun til ákvæða 12. gr. reglugerðar um atvinnurekstur sem valdið getur mengun, nr. 785/1999, með síðari breytingum, varðandi nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun þegar rekstur er stöðvaður og varðandi það að koma rekstrarsvæði í viðunandi horf.

Heilbrigðisnefnd beinir þeim tilmælum til Hafnarfjarðarbæjar að ráða ráðgjafa/-verkfræðistofu til að:

1. leggja mat á gögn um mengunarástand lóðar og áætlaðar aðgerðir til að gera lóðina hæfa undir íbúðarhúsnæði
2. koma með tillögu að skilmálum fyrir gerð grunna og bygginga, legu lagna og efniskröfur til lagna
3. leggja mat á hvenær óhætt er að veita framkvæmdaleyfi fyrir sérhvern hluta áformaðra framkvæmda.

5 Búfjáreftilit

Lagt fram yfirlit yfir fjölda búfjár í umdæmi nefndarinnar að loknu eftirliti janúar til apríl á þessu ári.

6 Tóbaksvarnir

Rætt um framkvæmd eftirlits og aðgerðir gagnvart þeim sem brjóta ákvæði tóbaksvarnalaga um bann við sölu tóbaks til einstaklinga yngri en 18 ára. Lagt fram afrit af dreifibréfi sem sent hefur verið til sölustaða tóbaks sem unglingar hafa aðgang að þar sem kynnt voru gildandi lög og eftirlitsskylda heilbrigðisnefndar.

7 Hundahald

Lagt fram erindi Ferdinands Hansen frá 8. mars 2005 þar sem sótt er um lækkun á eftirlitsgjaldi sbr. 6. gr. í gjaldskrá fyrir hundahald.

Ennfremur lagt fram afrit af bréfi heilbrigðiseftirlitsins til bréfitara frá 23. mars 2005 varðandi ósk um frekari gögn o.fl.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd fellst aðeins á lækkun eftirlitsgjalds ef farið er í einu og öllu að gildandi reglum um hundahald og jafnframt að vinna heilbrigðiseftirlitsins vegna eftirlits og skráninga sé í lágmarki.

Hafi ekki verið forsenda til lækkunar eftirlitsgjalds en hundurinn verið haldinn í tvö ár eftir skráningu án athugasemda getur hundeigandi sótt um lækkun

þar sem skráningarskyldu var í þessu tilfalli ekki sinnt fyrr en eftir aðkomu eftirlits telur nefndin ekki forsendu til að verða við framkomnu erindi.”

8 Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hafnarfirði

Lögð fram tillaga að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hafnarfirði með vísun til nýlegra laga um úrgang og tilheyrandi reglugerða.

“Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar hjá bæjarstjórn.”

9 Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Kópavogi

Lögð fram tillaga að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Kópavogi með vísun til nýlegra laga um úrgang og tilheyrandi reglugerða.

“Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar hjá bæjarstjórn.”

10 Önnur mál

10.1 Sumarstarf

Samþykkt er að ráða Valgerði Guðlaugsdóttur til afleysingastarfs í sumar.

10.2 Ársskýrsla Umhverfisstofnunar

Lögð fram til kynningar ársskýrsla Umhverfisstofnunar fyrir árið 2004

10.3 Svæðisáætlun um úrgangsmál

Heilbrigðisfulltrúi gerði grein fyrir vinnu verkefnishóps sem starfað hefur í umsjón Sorpu bs. til undirbúnings svæðisbundinnar áætlunar um meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr. 55/2003. Heilbrigðisnefnd tilnefndi fulltrúa í hópinn á fundi sínum þann 14. júní 2004 en stefnt er að því að vinnu hans verði lokið á næstu vikum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:05*

Loftur Þór Pétursson

Árni Sverrisson

Gestur Pétursson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Richard Hansen

Sigurgeir Ólafsson